


Upphaf endaloka?

Fróðir fræðimenn kenna að öll menning hefjist með hægfara stigvaxandi þróun og að þegar hún kemst í algleymi (þýðing Ö&Ö á alþjóðlega orðinu 'nirvana') hefjist stöðnun, sem leiðir til óafturkræfrar hnignunar og loks endaloka (sjá línurit). Þá telja þessir fróðu menn að utanaðkomandi áhrif—til dæmis styrjaldir eða náttúruhamfarir—verði menningu ekki að fjörtjóni, heldur efli hana. Að þeirra dómi felast endalok menningar í að hún rotnar innanfrá.

Ástæðurnar fyrir rotnun samfélaga flokkast í tvo bálfka; óhóf og öfund. Óhóf er þekkt á Íslandi og felst í vímuefnaneyslu, kynlífsiðkun og ofáti. Hinsvegar hefir öfund látið lítið á sér kræla til þessa. Til að öðlast skilning á þessum málum má láta hugan reika til Kína—fimm aldir aftur í tímann—og koma til baka um Suðaustur Asíu, norðanvert Indland, Miðausturlönd og Egyptaland, til Evrópu síðari tíma. Þá má fara styttri ferð sömu erinda til Mið- og Suðurameríku, en slík ferðalög varpa ljósi á hverfuleika menningar.



Staðreynd er að á Íslandi hafa hagur, velgengi, uppbygging og framfarir aldrei verið meiri eða betri en einmitt í dag. En fjölmiðlar spyrja leiðandi spurninga í skoðanakönnunum og í þessari óvæntu stöðu skiptist landslýður í tvo hópa; þá sem eru með og þá sem eru á móti. Stjórn málaöfl gera út á ástandið, en ruglast stundum í ríminu; sumir eru jafnvel reknir á gat þegar þeim fipast í að sannfæra sjálfa sig um eigin sannfæringu (mynd).

Þó er illa skilgreindur málflutningur stjórnámamanna ekki áhyggjuefnið, heldur vekur óhug sá hljómgrunnur, sem umræðan fær meðal áður andvaralausrar þjóðar. Hér vaknar sú spurning hvort öfund, önnur tveggja höfuðástæðna stöðnunar og hnignunar, er að halda inreið sína. Hlutfallið milli fátækta og auðæfa hefir þó ekki breyst frá tímum kaupfélaga og stórkaupmanna—þá voru ríkir mörg þúsund sinnum ríkari en fátækir, rétt eins og nú—en þá höfðu stjórnámamenn hugsjónir (www.ingvar.is/VariouS/Frammsokn.pdf). Apríl 2007 - ingvar